

**33. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn
10. ágúst 2022
og hófst hann kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM) og Jón Ingi Jónsson (JIJ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomid og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 33 lögmetan.

Dagskrá:

1. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar. - 2009255

Mál frá 32. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 30.06.2022 og 1. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 07.07.2022.

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps, tók þátt í þessum dagskrárlid fundarins í gegnum fjarfundabúnað.

Atvinnu- og hafnarnefnd gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst í samræmi við 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Tillaga að erindisbréfi Atvinnu- og hafnarnefndar. Mál frá 32. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 30.06.2022.

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir erindisbréf með áorðnum breytingum og vísar því til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Mál frá 32. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 30.06.2022.

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir með tveimur greiddum atkvæðum að gera ekki athugasemd við framlagða tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Jón Ingi Jónsson situr hjá.

4. Umsókn í fiskeldissjóð - 2203335

Undirritaður samningur milli Fiskeldissjóðs og Tálknafjarðarhrepps vegna verkefnis á vegum Tálknafjarðarhrepps árið 2022.

Lagt fram.

5. Fundadagatal 2022-2023 - 2208003

Fundadagatal nefnda og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps út júní 2023.

33. fundur
12.09.2022

Lagt fram.

6. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022 - 2208004

Farið yfir og rætt um nokkur mál.

Atvinnu- og hafnarnefnd telur rétt að fá fulltrúa Vestfjarðastofu á fund nefndarinnar til að fara yfir mál er varða atvinnuþróun.

Nefndin óskar jafnframt eftir því að starfslýsing hafnarvarðar verði lögð fram á næsta fundi nefndarinnar.

Næsti fundur nefndarinnar fer fram samkvæmt dagskrá miðvikudaginn 07.09.2022.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)